

Samþykkt um sameiningu skólastofnana og fækkun skólastjórnenda

5. þing KÍ gagnrýnir þau vinnubrögð sem gjarnan eru viðhöfð við sameiningu tveggja eða fleiri skóla eða samrekstur skólastiga með það að markmiði að spara stjórnunarkostnað skólanna. Skólastjórnendur eru leiðtogar í skólastarfi og gegna afar mikilvægu hlutverki við mótun og skipulag skólastarfs. Með fjöldauppsögnum og fækkun stjórnenda er hætta á að mikill mannauður tapist og margra ára uppbygging, hugmyndafræði og þróun rótgróinna skóla glatist og taki mörg ár að vinna upp aftur með ærnum tilkostnaði. Bent er á að það er ekki heilladrjúgt að fara í viðamiklar kerfisbreytingar með litlum fyrirvara og án undirbúnings, ígrundunar og náins samráðs við starfsmenn skólanna, foreldra og nemendur. Þekkt staðreynd er að til að afla breytingarhugmyndum fylgis og til að þær nái tilætluðum árangri er forsenda að vinna þær frá upphafi með þeim hagsmunaaðilum sem í hlut eiga.

KÍ skorar á yfirvöld að móta skýra sýn og heildarstefnu áður en ráðist er í umfangsmiklar breytingar og að leita raunverulegs samráðs við þá sem hafa bestar forsendur til að fjalla um og greina möguleg tækifæri til skólaþróunar.